



Reykjavík, 23. október 2024

USK24100105

UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 9 október 2024, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að fyrirhuguð fækkun bílastæða við Sólvallagötu fari í kynningu og samráð við íbúa svæðisins. Þarna er ein þéttasta byggðin með hvað fæstum bílastæðum úr að moða og löngu komið yfir þolmörk.

Tillögunni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar 16. október 2024.

Umsögn:

Á afgreiðslufundi samgöngustjóra þann 30. september 2024 var samþykkt tillaga um bann við lagningu ökutækja á nokkurra metra kafla við gatnamót Framnesveggar annars vegar og Ánanaustar hins vegar. Í greinargerð með tillögunni kom fram að borið hefur á því að ökutækjum sé lagt það nærri gatnamótum á þessu svæði að nauðsynlegt þykir að banna lagningu ökutækja til að tryggja að skólarútur komist leiðar sinnar sem og til að tryggja öryggi gangandi vegfarenda á svæðinu. Tillagan var unnin í samráði við skólastjórnendur.

Að stærstum hluta er um að ræða svæði sem ekki er hægt að reikna með sem bílastæði enda er óheimilt skv. umferðarlögum að leggja nær gatnamótum en 5 m. Einnig er skv. sömu lögum óheimilt að leggja þannig að það geti valdið hættu eða óþarfa óþægindum fyrir aðra umferð eða þar sem akbraut er skipt með óbrotinni mið- eða deililínu. Bann við lagningu ökutækja á þessum stöðum er því árétting á reglum sem þegar gilda, sett til að gera það skýrara og til að auðvelda eftirfylgni. Ekki er því talin þörf á sérstöku samráði eða kynningu vegna þessa.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavík